# Dómsmálið Jón Björnsson gegn Þórði Sveinssyni, 8. janúar 1903

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Þórður Sveinsson – Jón Björnsson – Dómsmál – 8 janúar 1903

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Beneditkarskjöl
Askja 5-1, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 8/1 - 1903
var málið: Jón Björnsson
gegn
Þórði Sveinssyni
tekið til dóms af þartilkvöddum og hér undirrituðum dómendum.

Mál þetta er risið út af skuld 0,20 kr. er Jón vann af Þórði í spilum hinn 5 Jan 1903. Sendi Jón þegar reikning til Þórðar og krafðist borgunar, en hafði af vangá ritað 1902 fyrir 1903. Af því Jón nú þannig tiltekur gjalddaga, þanndag sem (aldrei) ekki er lengur til og aldrei verður til framar, neitar Þórður að geta greitt nefnda 0,20 aura, eða að vilja gjöra það.

Þótt nú dómendur finni að nefndur gjalddagi var æríð illa og óheppilega valinn, álíta þeir eigi sanngjarnt að sækjandi fyrir það, sem er vangá ein og misritun, missi rétt sinn til lögmætrar skuldar.

Undir rekstri málsins, sem er að finna í skrifum þ~~eim~~ eim er málspartarnir hafa lagt ~~fram~~ fyrir dómendur, eru ýms ~~ýms~~ hnyfil yrði og móðganir, sem báðir málspartar hafa krafið mótpartinn dæmdan í sektir fyrir.

Dylst eigi dómendum það, að jafnframt því, sem sóun Þórðar er ötul ýtarlegri og skipuglegar skrifuð* kennir þar frekar hinna nefndu móðgunaryrða. Þeir hafa því eigi viljað dæma ~~mótpartinn~~ sækjanda í sekt fyrir

* Leturbreyting gerð af Þ.Sv.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það að hann hinn 7 þ. m. gaf verjanda, er þá gerðist æið nærgöngull og hávær, löðrung, en á líta rétt að það mæti bitursyrðum og meiðyrðum verjanda við nefnt tæki-færi, sem og í vörn hans. Ennfremur er það bersýnilegt að verjandi var knúður til málsóknar, eða [illegible] að missa skuldar sinnar að öðrum kosti, þar sem verjandi virtist óráðinn í að nota sér nefnda misritun, til þess að komast sér hjá að borga skuld sína.

Það virðist því liggja beint fyrir, að verjandi beri hinn beina kostnað sem af málsókn þessari og dómi leiðir. Er það full þungt fyrir sækjanda að þurfa að bera hinn óbeina skaða, tímatöf og skapraun, sem málastapp þetta hefir bakað honum.

Því dæmist rétt að vera:

Þórður Sveinsson verjandi, greiði:

1° Jóni Björnssyni skuld þá er málið reis út af 0,20 aurar

II° Dómendum fremur, 10 aura hverjum 0,30 —"—

alls 0,50 —"—

Og skal skuld þessi lokið af hendi Þórðar áður dagur er af lofti hinn næsti hér eftir, eða að kvöldi hins 9. þ. m. 1903

Ilusauk 8/1 – 1903

Lúðvík Knudsen. Bjarni Benediktsson

Kl. Klemensson.

Réttmætan dóm staðfestist af Þórði Sveinssyni.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur